

Afbrotatölfræði

Nóvember 2007

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


Skýrsla ríkislögreglustjóra um afbrotatölfræði 2006 er komin út. Þar má sjá fjölda brota í hinum ýmsu brotaflokkum árið 2006. Fram kemur m.a. að hegningarlagabrot á árinu 2006 voru lítið eitt fleiri en á árinu 2005, en færri en árin 2001-2004. Fíkniefnabrot voru hins vegar fleiri en á árunum 2001 til 2005 og má rekja það að einhverju leyti til aukins götuefirlits lögreglunnar. Skýrsluna má finna á vef ríkislögreglustjóra, www.rls.is/tolfraedi.

Ef við lítum til nóvembermánaðar 2007 voru 1.393 hegningarlagabrot skráð í málaskrárkerfi lögreglunnar. Það eru fleiri brot en í nóvember síðastliðin fjögur ár. Það sama á við um fjölda umferðarlagabrota, þau voru fleiri en síðustu fjögur ár, en 5.905 slík brot voru skráð síðastliðinn mánuð (mynd 1). Þessa fjölgun má að nokkru leyti rekja til fleiri hraðakstursbrota (tafla 1). Fíkniefnabrot voru 138 sem er fækkun frá sama tíma síðustu tvö ár.


Á mynd 2 má sjá fjölda brota vegna vanrækslu á bílbeltanotkun, vegna fíkniefnaaksturs og ölvunaraksturs fyrstu ellefu mánuði ársins 2007. Flest brot vegna vanrækslu á bílbeltanotkun voru skráð í febrúar (276 brot) flest brot vegna ölvunaraksturs í júní (220) og flest vegna fíkniefnaaksturs í ágúst (98) en brotin voru 83 í nóvember.

Alls voru 3.939 hraðakstursbrot skráð í nóvember 2007. Er það 167% fleiri brot en yfir sama tímabil í fyrra. Eignaspjöll, áfengislagabrot, líkamsmeiðingar (217. og 218. gr. alm. hgl.) og nytjastuldur voru einnig fleiri en í nóvember 2005 og 2006. Þjófnaðarbrott, fíkniefnabrot og akstur gegn rauðu ljósi voru hins vegar færri en á sama tíma síðastliðin tvö ár.

Á mynd 3 má sjá hraða ökutækja, sem lögreglan stöðvaði, þar sem hámarkshraði var 90 km./klst. fyrstu ellefu mánuði ársins 2007. Frá janúar og fram til júlí var yfir helmingur ökumanna sem teknir voru á meira en 110 km. hraða. Frá júlí virðist hraðinn hins vegar hafa minnkað en í nóvember voru aðeins 21% þeirra sem stöðvaðir voru að keyra hraðar en 110 km./klst. Hér geta hraðamyndavélar skipt máli en vélarnar í Hvalfirði voru teknar í notkun í júlí.




Mynd 1. Fjöldi brota í nóvember 2003-2007 eftir tegund brots



Mynd 2. Fjöldi nokkurra umferðarbrota fyrstu ellefu mánuði ársins 2007.

Tafla 1. Fjöldi brota eftir helstu brotaflokkum í nóvember 2005-2007

	nóv.2007	nóv.2006	nóv.2005
Hraðakstursbrot	3.939	1.477	1.148
Þjófnaðarbrott	265	280	284
Eignaspjöll	255	221	187
Innbrot	166	195	159
Ölvun við akstur	161	161	160
Fíkniefnabrot	138	145	180
Áfengislagabrot	194	130	135
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	232	108	107
Akstur gegn rauðu ljósi	83	142	126
Nytjastuldur	110	64	22



Mynd 3. Hraði ökutækja þar sem hámarkshraði er 90 km./klst., hlutfall

Afbrotatölfræði

Nóvember 2007

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í nóvember 2005, 2006 og 2007 eftir umdæmum

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2007	2006	2005	2007	2006	2005	2007	2006	2005
Akranes	17	22	12	355	140	85	3	1	0
Akureyri	82	34	45	145	116	188	6	3	9
Blönduós	1	1	0	76	169	65	1	0	0
Borgarnes	32	5	8	166	199	52	4	3	5
Eskifjörður	15	13	10	45	54	74	0	1	1
Húsavík	3	7	16	32	8	12	0	0	1
Hvolsvöllur	7	1	4	111	61	50	0	0	1
Höfuðborgarsvæðið	1.043	857	699	2.528	1.679	1.910	101	113	109
Sauðárkrókur	5	6	9	87	13	7	3	0	0
Selfoss	63	40	34	167	274	176	5	7	15
Seyðisfjörður	13	12	7	107	61	57	1	1	0
Snæfellsnes	3	5	1	1.574	22	26	0	0	0
Suðurnes	83	66	81	409	295	226	12	9	30
Vestfirðir	17	6	12	98	37	38	1	2	9
Vestmannaeyjar	9	3	4	5	19	14	1	5	0
Alls	1.393	1.078	942	5.905	3.147	2.980	138	145	180

Hegningarlagabrot voru fleiri í nóvember í ár en síðastliðin ár, eins og áður sagði. Ef við lítum til embættanna sjáum við að mesta hlutfallslega fjölgunin frá því í nóvember 2006 hefur orðið á Akureyri, í Borgarnesi, á Hvolsvelli, Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum. Einnig hefur orðið fjölgun á umferðarlagabrotum en hana má að miklu leyti rekja til hraðakstursmyndavélanna í Hvalfirði. Brotin sem þar eru skráð færast á lögregluembættið á Snæfellsnesi. Þá hefur einnig orðið mikil fjölgun á umferðarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu.

Fíkniefnabrot voru færri en á sama tíma í fyrra á Eskifirði, höfuðborgarsvæðinu, Selfossi, Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. desember 2007 og eru tölur fyrir árið 2007 bráðabirgðatölur.

Í byrjun árs 2005 tók lögreglan í notkun nýtt skráningarkerfi. Þetta skiptir máli þegar fjöldi brota árið 2005 er borinn saman við fjölda brota 2006 og 2007.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.